

## REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 939/2003 um útreikning, endurreikning og uppgjör tekjutengdra bóta og vistunarframlags frá Tryggingastofnun ríkisins.

### 1. gr.

1. másl. 1. mgr. 1. gr. orðast svo:

Reglugerð þessi tekur til útreiknings, endurreiknings og uppgjors tekjutengdra bóta skv. 16. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 13. gr. og 1. mgr. 14. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum.

### 2. gr.

2. gr. orðast svo:

#### 2. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð svofellda merkingu:

*Tekjutengdar bætur:* Bætur þar sem tekjur hafa áhrif á fjárhæð bóta.

*Bótagreiðsluár:* Almanaksár.

*Tekjur:* Til tekna samkvæmt reglugerð þessari teljast tekjur eins og þær eru skilgreindar í 16. gr. laga um almannatryggingar. Tekjur sem aflað er erlendis og ekki eru taldar fram hér á landi, skulu sæta sömu meðferð gagnvart bótaútreikningi og væri þeirra aflað hér á landi.

### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr.:

- a) Heiti greinarinnar orðist svo: „Upplýsingar til Tryggingastofnunar ríkisins skv. 52. gr. almannatryggingalaga.“
- b) 2. og 4. másl. 1. mgr. falla brott.
- c) Í stað orðanna „umsækjandi, bótaþegi eða maki“ í 1. másl. 5. mgr. kemur: umsækjandi eða bótaþegi.
- d) 3. másl. 2. mgr. fellur brott.
- e) Orðin „og maki“ í 3. mgr. falla brott.

### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr.:

- a) Orðin „og maka hans“ í 2. mgr. falla brott.
- b) 2. másl. 3. mgr. fellur brott.

### 5. gr.

Á eftir orðinu „bótaþega“ í 1. mgr. 9. gr. kemur: eða dánarbúi hans.

### 6. gr.

Á eftir orðinu „bótaþega“ í 3. másl. 10. gr. kemur: eða dánarbúi hans.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr.:

- a) Í stað orðanna „11. og 12. gr. laga um almannatryggingar og 8. gr. laga um félagslega aðstoð“ í 2. mgr. kemur: 17. og 18. gr. laga um almannatryggingar og 7. gr. laga um félagslega aðstoð.
- b) Í stað orðanna: „en félagsmálaráðuneytið telur vera lágmarksframfærsluþörf og fram kemur í leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins um félagsaðstoð sveitarfélaga, nú 88.873 kr. á mánuði“ í 5. mgr. kemur: en fram kemur í leiðbeiningum félags- og tryggingamálaráðuneytisins um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, nú 99.319 kr.
- c) Á eftir orðinu „bótaþega“ í 6. mgr. kemur: eða dánarbú hans.

8. gr.

Á eftir orðunum „aðrar aðstæður bótaþega“ í 4. málsl. 13. gr. kemur: eða dánarbús hans.

9. gr.

Í stað orðanna „50. gr. laga nr. 117/1993“ í 15. gr. kemur: 55. gr. laga nr. 100/2007.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr.:

- a) Í stað „47/1990“ í 2. mgr. kemur: 1112/2006.
- b) Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 2. mgr. kemur: félags- og tryggingamálaráðherra.
- c) 6. mgr. fellur brott.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 16. gr., sbr. 70. gr., laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, 2. mgr. 14. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, og 29. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. júlí 2008.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Ágúst Þór Sigurðsson.*